Ég fer í fríið

Texti: Iðunn Steinsdóttir

Lag: Toto Cutugno

Ljósin á ströndu skína skær
Skipið það færist óðum nær
Og þessi sjóferð endi fær
Ég búinn er að puða og púla
Pokann að hífa og dekkin spúla.
Reifur ég stendi í stafni hér
Strax og að landi komið er
Bý ég mig upp og burt ég fer.

Ég fer í fríið, ég fer í fríið, ég fer í fríið
Ég fer í fríið, ég fer í fríið, ég fer í fríið.

Óþolinmæðin í mér býr
Áður en rennur dagur nýr
Skal ég mér eiga ævintýr.
Ég fer á ball og drekk og dansa,
Mér dembi út í stelpnafansa.
Hafgúuvæl og vinda gnótt
Voru mín tónlist hverja nótt
Nú skal það breytast býsna fljótt.

Ég fer í Fríið.....

Ljósin á ströndu skína skær
Skipið það færist nær og nær
Og mér í brjósti hugur hlær.
Allt sem ég þrái upp þau fylla
Og mína löngun magna og trylla.
Lengi ég beið og loksins er
Lagt þetta allt að fótum mér
Ég má þess njóta nú og hér.

Ég fer í fríið.....

Höfundaskráning: https://trubador.is/lagalisti/lag.cfm?Id=314

Textaheimild: varðveitt söngtextaskjal úr safni Ragga Bjarna. Höfundar halda réttindum sínum.